

REGLUGERÐ

um framtal og skil á virðisaukaskatti.

1.gr.

Hvert uppgjörstímabil virðisaukaskatts er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember.

2.gr.

Uppgjörstímabil bænda.

Uppgjörstímabil aðila á landbúnaðarskrá, sbr. 30. gr. laga nr. 50/1988, er sex mánuðir, janúar til og með júní og júlí til og með desember. Sama gildir um aðila sem hafa með höndum nytjaskógrækt, enda sé sala á skattskyldri vöru eða þjónustu lægri en 4.000.000 kr. á almanaksári. Fari sala aðila í nytjaskógrækt umfram þau mörk sem getið er skv. 1. málsl. skal hann á næsta gjalddaga almennra uppgjörstímabila, sbr. 1. gr., gera upp mismun þess útskatts og innskatts sem fallið hefur á sölu og kaup hans á viðkomandi uppgjörstímabili.

3.gr.

Ársuppgjörstímabil.

Aðili, sem selur virðisaukaskattsskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 4.000.000 kr. á heilu almanaksári, skal á næsta almanaksári nota það sem uppgjörstímabil.

Ákvæði 1. mgr. tekur ekki til eftirtalinna aðila:

1. Aðila sem falla undir 2. gr., 1. mgr. 4. gr. og 5. gr.
2. Aðila sem skráðir eru samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign.
3. Aðila sem gera upp virðisaukaskatt samkvæmt reglugerð nr. 58/1991, um innheimtu virðisaukaskatts af dansleikjum og öðrum skemmtanaskattsskyldum samkomum.
4. Umboðsmanna og annarra sem eru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila sem reka hér á landi skattskyld viðskipti, skv. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988.

Aðilar sem eru að hefja starfsemi skulu nota almanaksárið sem uppgjörstímabil. Þetta á þó ekki við í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar aðili fellur undir ákvæði 2. mgr.
2. Þegar aðili hefur yfirtekið rekstur skv. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, enda hafi seljanda ekki borið að gera upp virðisaukaskatt skv. 1. mgr.
3. Þegar aðili er að endurhefja starfsemi, þ.e. hefur áður verið skráður á virðisaukaskattsskrá vegna sömu eða sams konar starfsemi og gert upp skv. 1. gr.
4. Þegar um er að ræða hlutafélag skv. lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, einkahlutafélag skv. lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, samvinnufélag skv. lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög eða sameignarfélag skv. lögum nr. 50/2007 um sameignarfélög.
5. Þegar um er að ræða einstakling sem óskar eftir að gera upp virðisaukaskatt samkvæmt almennum uppgjörstímabilum, sbr. 1. gr., ef greinargerð hans um reiknað endurgjald í atvinnurekstri ber með sér að reiknað endurgjald á mánuði verði 200.000 kr. eða hærra.

Ríkisskattstjóri skal tilkynna aðila sem gerir upp virðisaukaskatt skv. 1. gr. um breytt uppgjörstímabil hafi hann verið á virðisaukaskattsskrá heilt almanaksár og velta hans í virðisaukaskattsskyldri starfsemi undanfarið almanaksár verið undir þeim fjárhæðarmörkum sem greinir í 1. mgr. Þó skal aðili ekki færast í ársskil ef reiknað endurgjald eða meðallaun sem greidd hafa verið samkvæmt skilagreinum staðgreiðslu eru 200.000 kr. eða hærri á mánuði.

Ríkisskattstjóri skal tilkynna aðila sem gerir upp virðisaukaskatt skv. 1. mgr. um breytt uppgjörstímabil þegar fyrir liggur að velta hans á viðkomandi almanaksári er orðin 4.000.000 kr. eða hærri.

Þegar velta þess aðila sem notar almanaksárið sem uppgjörstímabil er orðin 4.000.000 kr. eða hærri skal hann á næsta gjalddaga almennra uppgjörstímabila, sbr. 1. gr., gera upp mismun þess útskatts og innskatts sem fallið hefur á sölu og kaup hans á almanaksárinu. Frá og með því uppgjörstímabili ber honum að gera upp virðisaukaskatt á gjalddögum almennra uppgjörstímabila skv. 1. gr.

Þeim sem notar almanaksárið sem uppgjörstímabil er heimilt að gera skil á virðisaukaskatti viðkomandi árs á gjalddaga þess almenna uppgjörstímabils sem starfsemi lýkur á.

Hafi aðili sem notar almanaksárið sem uppgjörstímabil ekki skilað lögboðinni virðisaukaskattsskýrslu vegna undanfarins almanaksárs getur ríkisskattstjóri gert honum að gera upp virðisaukaskatt næsta almanaksárs þar á eftir samkvæmt almennum uppgjörstímabilum, sbr. 1. gr. Ríkisskattstjóri skal tilkynna aðila um breytt uppgjörstímabil samkvæmt þessu ákvæði.

4.gr.

Skemmri uppgjörstímabil.

Aðili getur fengið heimild ríkisskattstjóra til þess að nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil ef útskattur er að jafnaði lægri en innskattur vegna þess að verulegur hluti veltunnar er undanþeginn skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988. Sama gildir um fyrirtæki sem selja vöru og þjónustu sem fellur undir 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988 ef meiri hluti aðfanga þeirra vegna framleiðslu eða aðvinnslu ber virðisaukaskatt skv. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988.

Aðilar á landbúnaðarskrá geta þrátt fyrir ákvæði 2. gr. fengið heimild ríkisskattstjóra til þess að nota almenn uppgjörstímabil skv. 1. gr.

Uppgjörstímabili má einungis breyta þannig að það sé miðað við upphaf tveggja eða sex mánaða tímabils skv. 1. eða 2. gr. Beiðni um breytingu á uppgjörstímabili verður að hafa borist Skattinum a.m.k. einum mánuði fyrir gildistöku væntanlegrar breytingar. Fáa aðili heimild til að breyta uppgjörstímabili skal sú breyting gilda í a.m.k. tvö ár.

4. gr. a.

Uppgjör aðila sem nota skulu hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil

Aðili sem hefur verið skráður að nýju á virðisaukaskattsskrá skv. 2. mgr. 27. gr. A laga nr. 50/1988 skal, samkvæmt 3. mgr. sömu greinar, nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil í a.m.k. tvö ár frá og með því tímabili sem skráning á sér stað að nýju og skal gjalddagi vera 15 dögum eftir að uppgjörstímabili lýkur. Hafi aðili gert fullnægjandi skil á þessu tímabili skal hann að því loknu standa skil á virðisaukaskatti samkvæmt almennum reglum 24. gr. laga nr. 50/1988. Sama á við um nýskráningu á virðisaukaskattsskrá skv. 5. gr. laga nr. 50/1988 og endurskráningu skv. 2. mgr. 27. gr. A laga nr. 50/1988, ef aðili sjálfur, eigandi, framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður, sé um félag að ræða, hefur orðið gjaldþrota á næstliðnum fimm árum fyrir skráningu á virðisaukaskattsskrá.

Með hugtökunum framkvæmdastjóri, stjórnarmaður og eigandi í 1. mgr., sbr. 4. mgr. 27. gr. A laga nr. 50/1988, er átt við þá aðila sem skráðir eru opinberri skráningu samkvæmt fyrirtækjaskrá. Ákvæðið nær einnig til raunverulegra stjórnenda eða eigenda félags.

5.gr.

Tímabundin uppgjörstímabil.

Aðili sem tímabundið hefur með höndum virðisaukaskattsskylda starfsemi getur fengið heimild ríkisskattstjóra til að nota sérstakt uppgjörstímabil sem tekur til þess tímabils sem starfsemi varir. Tímabundið uppgjörstímabil getur hið skemmsta verið einn almanaksmánuður og lengst tveir almanaksmánuðir.

6.gr.

Virðisaukaskattsskýrslur.

Aðili skal ótilkvaddur gera grein fyrir virðisaukaskatti, sem honum ber að standa skil á eða hann á rétt á að fá endurgreiddan, á sérstökum virðisaukaskattsskýrslum. Virðisaukaskattsskýrslu skal skila rafrænt til Skattsins. Ríkisskattstjóri getur veitt heimild til eins árs í senn til þess að skila virðisaukaskattsskýrslu á pappír ef gildar ástæður eru fyrir hendi og metur hann í hverju tilviki fyrir sig hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Ríkisskattstjóri ákveður form virðisaukaskattsskýrslu.

Sé um að ræða uppgjör skv. 6. mgr. 3. gr., uppgjör skv. lokamálslið 2. gr. eða leiðréttingu á áður ákvörðuðum virðisaukaskatti skal gerð grein fyrir því á sérstökum leiðréttingarskýrslum í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Slíkar skýrslur geta verið á rafrænu formi, sbr. 1. mgr.

Virðisaukaskattsskýrslu ber að skila fyrir hvert uppgjörstímabil, einnig þótt ekki hafi verið um virðisaukaskattsskylda starfsemi að ræða á tímabilinu.

7.gr.

Aðrar upplýsingar virðisaukaskattskylds aðila.

Til viðbótar því sem virðisaukaskattsskýrslur skv. 6. gr. gefa tilefni til skal skattaðili skýra frá öðrum atriðum sem kunna að skipta máli um virðisaukaskattskil hans. Einnig er virðisaukaskattskyldum aðila skylt að láta Skattinum í té, í því formi sem óskað er nánari sundurliðun á þeim fjárhæðum sem hann færir á virðisaukaskattsskýrslu, svo og styðja þær gögnum sé þess óskað.

8.gr.

Gjalddagar.

Virðisaukaskatti ásamt virðisaukaskattsskýrslu skal skila eigi síðar en á gjalddaga. Þegar um er að ræða almenn uppgjörstímabil, sbr. 1. gr., er gjalddagi fimmti dagur annars almanaksmánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna viðskipta á því tímabili. Þó er gjalddagi aðila á landbúnaðarskrá og aðila í nytjaskógrækt skv. 2. málsl. 2. gr. 1. september ár hvert vegna viðskipta á fyrri hluta árs og 1. mars ár hvert vegna viðskipta á síðari hluta næstliðins árs.

Gjalddagi vegna skemmri uppgjörstímabila, sbr. 1. mgr. 4. gr., eða tímabundinna uppgjörstímabila, sbr. 5. gr., er einum mánuði og fimm dögum eftir lok tímabilsins vegna viðskipta á því tímabili. Gjalddagi vegna ársuppgjörs, sbr. 3. gr., er 5. febrúar ár hvert vegna viðskipta á næstliðnu ári.

Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.

9.gr.

Fullnægjandi skil á virðisaukaskatti.

Það teljast fullnægjandi skil á virðisaukaskatti ef:

1. Greitt er í banka eða sparisjóði í síðasta lagi á gjalddaga.

Greiðsla á grundvelli rafrænna greiðslufyrirmæla telst því aðeins innt af hendi á gjalddaga, að greiðslufyrirmælin berist banka eða sparisjóði innan þeirra tímamarka sem viðkomandi banki eða sparisjóður setur fyrir því að greiðsla teljist hafa farið fram á þeim degi.

2. Greitt er hjá innheimtumanni í síðasta lagi á gjalddaga. Innheimtumenn ríkissjóðs eru annars vegar ríkisskattstjóri í umdæmi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar sýslumenn utan höfuðborgarsvæðisins.

3. Pósthöfð greiðsla hefur borist innheimtumanni í síðasta lagi á gjalddaga.

Skil eru ekki fullnægjandi nema allar tilskildar upplýsingar komi fram á skýrslu og hún sé undirrituð af skattaðila eða ábyrgum starfsmanni hans. Notkun veflykils eða rafrænna skilríkja við rafræn skil skýrslu, sbr. 1. og 2. mgr. 6. gr., jafngilda undirritun skýrslu.

10.gr.

Endurgreiðsla á virðisaukaskatti.

Sé innskattur hærri en útskattur á einhverju uppgjörstímabili skal senda skýrslu vegna þess tímabils til Skattsins. Fallist ríkisskattstjóri á skýrsluna tilkynnir hann innheimtumanni ríkissjóðs um samþykki sitt til endurgreiðslu.

Hafi skýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla fara fram innan tuttugu og eins dags frá lokum skilafrests. Berist skýrsla eftir lok skilafrests skal endurgreiðsla fara fram innan tuttugu og eins dags frá því að ríkisskattstjóri kvað upp úrskurð um innsenda skýrslu skv. 29. gr. laga nr. 50/1988. Hafi aðili fengið heimild ríkisskattstjóra til að nota skemmra uppgjörstímabil, sbr. 4. gr., skal endurgreiðsla fara fram innan tuttugu og eins dags frá því að skýrsla barst Skattinum.

Geti ríkisskattstjóri vegna aðstæðna skattaðila ekki gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim er skýrslugjöfin byggist á framlengist frestur sá sem um ræðir í 2. mgr. um þann tíma sem slíkar aðstæður ríkja.

Ríkisskattstjóri má því aðeins samþykkja endurgreiðslu samkvæmt þessari grein ef álagning virðisaukaskatts á fyrra uppgjörstímabili, einu eða fleiri, er ekki byggð á áætlun skv. 2. málsl. 2. mgr. 25. gr. eða 1.-3. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1988. Kröfu um vangoldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum skal skuldajafna á móti endurgreiðslu. Skuldajafna má ógreiddum virðisaukaskatti vegna fyrri tímabila ásamt álagi og dráttarvöxtum þótt hann sé ekki enn fallinn í gjalddaga.

11.gr.

Aukauppgjör bænda.

Ríkisskattstjóra er heimilt að fallast á beiðni þeirra sem stunda landbúnað, sbr. 1. málsl. 2. gr., um aukauppgjör á virðisaukaskatti ef í ljós kemur að þeir eiga kröfu á verulegri endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna kaupa á fjárfestingar- og rekstrarvörum.

Skilyrði aukauppgjors er að útskattur á því tímabili sem beiðni um aukauppgjör tekur til nemi minna en tveimur þriðju hlutum innskatts á tímabilinu.

Hvert aukauppgjör tekur til tveggja eða fjögurra almanaksmánaða talið frá upphafi yfirstandandi sex mánaða uppgjörstímabils eða lokum fyrra aukauppgjörstímabils. Gera skal upp útskatt og innskatt vegna viðskipta á aukauppgjörstímabilinu eins og um reglulegt uppgjör væri að ræða.

12.gr.

Bráðabirgðauppgjör sláturleyfishafa.

Sláturleyfishafar samkvæmt lögum nr. 93/1995 geta fengið heimild ríkisskattstjóra til að skila á ári hverju fimm sérstökum bráðabirgðaskýrslum vegna innskatts af innlögðum sauðfjárafurðum. Uppgjörstímabil skýrslna þessara skal vera eftirfarandi:

1. september til og með 15. september.
16. september til og með 30. september.
1. október til og með 15. október.
16. október til og með 31. október.
1. nóvember til og með 15. nóvember.

Ríkisskattstjóri skal afgreiða bráðabirgðaskýrslu án ástæðulauss dráttar.

Við reglulegt uppgjör skal sláturleyfishafi færa á skýrslu annan innskatt en bráðabirgðaskýrsla tekur til.

13.gr.

Umsjá með framtali, skilum og uppgjöri annarra.

Ríkisskattstjóri getur heimilað aðila að sjá um framtal, skil og uppgjör virðisaukaskatts af skattskyldri sölu á vöru eða þjónustu annars aðila enda hafi aðilar samið um slíka tilhögun skriflega. Heimild ríkisskattstjóra getur verið tímabundin og háð öðrum skilyrðum sem hann setur.

14.gr.

Um innheimtu á vangoldnum virðisaukaskatti.

Til að tryggja sem best virðisaukaskattskröfu ríkissjóðs skal innheimtumaður hefja innheimtuaðgerðir, þ.m.t. lokunaraðgerðir skv. 3. mgr. 28. gr. laga nr. 50/1988, í síðasta lagi 30 dögum eftir að ríkisskattstjóri hefur ákvarðað virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils eða endurákvarðað gjaldanda virðisaukaskatt vegna fyrri tímabila.

Ef ágreiningur um skattskyldu eða skatthæð er til meðferðar hjá yfirsattanefnd getur innheimtumaður frestað lokunaraðgerðum, enda bjóði skuldari fram sjálfskuldarábyrgð banka eða sparisjóðs, er innheimtumaður metur fullnægjandi, til tryggingar virðisaukaskattskuld, álagi, dráttarvöxtum og öllum innheimtukostnaði.

Staðfesti yfirsattanefnd úrskurð ríkisskattstjóra að öllu leyti eða að hluta skal innheimtumaður ganga að bankaábyrgð skv. 2. mgr., nema aðili greiði að fyllu skattkröfu ríkissjóðs. Beri gjaldandi ágreining undir dómstóla getur innheimtumaður þó samþykkt nýja bankaábyrgð þar til endanlegur dómur hefur gengið í málinu.

15.gr.

Álag.

Sé virðisaukaskattur ekki greiddur á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar skatti samkvæmt virðisaukaskattskýrslu eða til viðbótar þeim skatti sem honum bar að standa skil á. Sama gildir ef virðisaukaskattskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og virðisaukaskattur því áætlaður eða endurgreiðsla skv. 26. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, verið of há.

Álagi skal ekki beitt á skil vegna eldri uppgjörstímabila sem gerð eru réttilega skv. 6. mgr. 3. gr.

16.gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn ákvæðum 5. og 6. gr. varða refsingu skv. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

17.gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. mgr. 24. gr., 1. og 2. mgr. 33. gr. og 1. og 3. mgr. 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1996. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 529/1989, um framtal og skil á virðisaukaskatti, með síðari breytingum.

Bráðabirgðaákvæði.

Aðilar sem hafa skattskylda veltu undir 800.000 kr. á almanaksárunum 1994 og 1995 skulu þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. gr. nota ársuppgjörstímabil skv. 1. mgr. 3. gr. frá og með 1. janúar 1996.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.